

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 680/1994.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 680/1994 um breytingu á rg. nr. 32/1990 bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Kaup svínaframleiðenda á fódurkorni (heilbyggi og eða öðrum innfluttum korntegundum) frá og með 1. janúar 1995 skulu þó margfölduð með stuðlinum 1,3.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. desember 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturkeppni skuli nema 38.700.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 18.500 krónur að lágmarki og 185.000 að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatrygginga vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 3.870.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursþróttir og aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990 með síðari breytingum, gildir fyrir árið 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1995.

F. h. r.

Sigurður T. Magnússon.

Högni S. Kristjánsson.